

Kynbótasýningar 2026

Til upprifjunar fyrir reiðdóminn

Nú eru vorsýningar fram undan og Landsmót að Hólum í Hjaltadal. Vorið er ávallt tilhlökkunarefni og búist er við góðri þátttökur í þeim kynbótasýningum sem framundan eru. Hrossarækt og kynbótasýningar eru í eðli sínu samstarfsverkefni á milli ræktenda, sýnenda og starfsfólks kynbótasýninga þar sem ætlunin er að lýsa hverjum grip af kostgæfni og skapa verðmætar upplýsingar fyrir ræktunarstarfið. Þessi pistill er um framkvæmd reiðdómsins.

Hérna koma punktar hvað reiðdóminn varðar sem gott er að hafa í huga:

Tölt:

Töltið er dæmt á öllum þeim hraðastigum sem hesturinn býr yfir, þ.e. á hægri ferð, milliferð og greiðri ferð.

- Til að hljóta einkunn 9,0 eða hærra þarf einnig að sýna hraðaaukningu á tölti eða niðurrægingu til að sýna fram á jafnvægi og taktöryggi á tölti.

Hægt tölt:

- Fyrir hæstu einkunnir (9,0 til 10), þarf hesturinn að geta gengið upp í jafnvægisgott hægt tölt af feti.
- 8,0 er hámarkseinkunn ef hraði og/eða skreftíðni á hægu tölti er í efstu mörkum.

Brokk:

- Fyrir einkunnir 9,0 eða hærra fyrir brokk þarf að sýna hestinn á tveimur hraðastigum á brokki. Annaðhvort frá hægri ferð að rúmri milliferð eða frá hægri milliferð að greiðri ferð.

Skeið:

- Til að hljóta einkunnir 8,5 og hærra þarf að hleypa hestinum greinilega til skeiðs.
- Þá er talað um að einkunn fyrir skeið skulu lækkuð um 0,5 hið minnsta séu miklir erfiðleikar í upphafi spretts, hesturinn þurfi mikla hjálp frá knapa til að halda jafnvægi á sprettinum eða ef hesturinn stytir sig í niðurrægingu.

Samstarfsvilji:

- Fyrir einkunnir 9,0 eða hærra skal það sýnt að hægt sé að hægja hrossið niður á fet í viðsnúningum á brautarendum. Hraðabreytingar á gangtegundum, losað um taum og annað sem sýnir þjálni og samstarfsvilja getur vegið til hækkunar á einkunn sé það vel framkvæmt af hestinum.

Yfirlitssýningar:

- Hægt og greitt tölt á yfirlitssýningum.
- Ef ná á einkunn 8,5 eða hærra fyrir tölt verður að sýna bæði hæga og greiða ferð á gangtegundinni á yfirlitssýningum.
- Einkunnir fyrir samstarfsvilja er bæði hægt að hækka og lækka á yfirlitssýningum. Hvað varðar lækkun á einkunn fyrir samstarfsvilja er dómurum það leyfilegt ef

hesturinn sýnir neikvæð atriði þessa eiginleika sem ekki komu fram í dómnum, t.d. augljós merki um óþjálni, ofríki, spennu eða viðkvæmni.

- Til að hljóta hækkun fyrir samstarfsvilja á yfirlitssýningu þarf að sýna greinilega fram á að hægt sé að hægja hrossið mjúkt og átakalaust niður innan afmörkunar brautarinnar.
- Til að hækka einkunn fyrir skeið á yfirlitssýningu verður að sýna hrossið einnig á töltili, þar sem horft er til þess að gæði töltilsins séu svipuð og í dómi. Ef svo er ekki, þá verður einkunn fyrir skeið að vera að lágmarki 0,5 stigum lægri en sýning þess á yfirlitssýningunni býður upp á.
- Til að hækka einkunn fyrir fegurð í reið verður að sýna hrossið að lágmarki bæði á töltili og brokki. Það fer svo eftir frammistöðu í dómnum hvort einnig þurfi að sýna hægt/greitt stökk og skeið. Einkunn fyrir fegurð í reið á að endurspeglar frammistöðu hrossins í gegnum alla sýninguna (dóm og yfirlitssýningu) á öllum gangtegundum.

Til frekari glöggvunar er hægt að nálgast vinnureglur FEIF við kynbótadóma inn á heimasíðu RML undir:

<https://www.rml.is/is/kynbotastarf/hrossaraekt/kynbotasyningar>

Hlökkum við hjá RML til samstarfsins við hestamenn í ár sem endranær og minnum á að við erum til þjónustu reiðubúin. Bestu kveðjur í bili.